

**Fundargerð tólfta fundar verkefnisstjórnar NordBio áætlunarinnar.  
Fundurinn haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu miðvikudaginn 26. mars 2014.**

Mættir: Halldór Runólfsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Elvar Knútur Valsson, Stefán Stefánsson og Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð.  
Forföll: Jón Geir Pétursson.

Formaður setti fundinn kl. 13.00.

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

**2. Kostnaðaráætlun NordBio**

Umræðum um kostnaðaráætlun hafði verið frestað á síðasta fundi þar sem verkefnisstjórn var ekki fullmönnuð á þeim fundi. Fyrir liggur samþykkt EK-FJSL (eksekutiv) á lið II í kostnaðaráætlun, þ.e. skiptingu fjármuna til verkefnanna fimm að upphæð alls 6,6 mdkk. Á fundinum voru rædd drög að kostnaðaráætlun vegna annarra verkþátta, svo sem stjórnunarkostnaðar og greiningarvinnu., alls að upphæð 3,4 mdkk. Engar athugasemdir voru gerðar við drögin. Ekki er áætlað íslenska verkefnisstjórnin samþykki þau fyrir sitt leyti fyrr en í byrjun júní, enda verður kostnaðaráætlunin fyrst tekin til umræðu og afgreiðslu í norræna stýrihópnum á fundi þeirra þann 24. júní og í framhaldinu á fundi EK-FJSL (eksekutiv) þann 25. júní. Eftir það verður gerður samningur milli NMRS og Íslands vegna þessara fjármuna.

Á fundinum kom fram að haft hefur verið samband við einstaka fulltrúa íslensku verkefnastjórnarinnar með nýjar verkefnahugmyndir sem mögulega ættu heima undir NordBio áætlunni. Ákveðið að vísa slíkum hugmyndum til verkefnisstjóra sem eftir atvikum vísaði viðkomandi til Norræna stýrihópsins.

**3. Samningar við NMRS**

Í kjölfar samþykktar EK-FJSL (eksekutiv) þann 18. mars sl. er brýnt að gera samninga við einstök verkefni undir NordBio áætlunni. Formaður hefur verið í sambandi við NMRS sem vinnur að gerð samningsdraga milli þeirra og hvers verkefnis. Rætt um að mikilvægt væri að íslenska verkefnisstjórnin fylgdist vel með framgangi verkefnanna og að óskað yrði eftir greinargerðum fyrir hvert verkefni fyrir lok hvers árs, í nóvember eða desember.

Rætt var um samning vegna þeirra fjármuna sem ekki fara beint til verkefnanna fimm. Fyrirsjáanlegt er að ekki verði hægt að gera um þá samning fyrr en að Norræni stýrihópurinn og EK-FJSL hafa samþykkt kostnaðaráætlun, sem áætlað er að verði í lok júní.

SS greindi frá gangi mála við gerð samnings um Biophiliu. EK-U mun fjalla um samninginn þann 8. apríl og stefnt að undirritun fyrir páska.

**4. Nordisk bioøkonomipanel**

Rætt um fyrirhugaða stofnun norræns samráðsvettvangs um lífhagkerfið (nordisk bioøkonomipanel) en stefnt er að því að forsætisráðherrar Norðurlandanna ræði það á fundi sínum í lok maí. Mikilvægt er að undirbúa erindið vel fyrir fund forsætisráðherranna.

Ákveðið að boða til sérstaks fundar um málið með þeim sem helst hafa komið að því hingað til og í framhaldinu að senda minnisblað til forsætisráðuneytisins. EKV falið að ræða við Matís og verkefnisstjóra falið að hafa samband við NMRS vegna þessa.

**5. Önnur mál**

EKV greindi frá hann mun taka sæti Sveins Þorgrímssonar í íslensku verkefnastjórninni í kjölfar skipulagsbreytinga hjá ANR sem taka gildi 1. apríl n.k.

## **6. Næsti fundur**

Næsti fundur verður miðvikudaginn 9. apríl kl. 13.00 í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Skoðað verður hvort samhliða þeim fundi verði boðað til fundar um norræna lífhagkerfispanelinn, samanber lið 4 hér að ofan.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00.